

Unglingum innan 16 ára aldurs eru bannaðar ferðir út í skip, sem liggja við bryggju eða á höfninni nema með leyfi foreldra eða forráðamanna. Lögreglan getur bannað börnum 12 ára og yngri, sem ekki ganga þar til vinnu eða eiga erindi, að vera á bryggjum kauptúnanna.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að almennum veitingastofum, is-, sælgætis- og tóbaksbúðum eftir kl. 21, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara fyrirtækja ber að sjá um, að unglingar fái þar ekki óheimilan aðgang. Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að opinberum dansleikjum. Undanskildir eru þó dansleikir innan félaga hjá æskulýðsfélögum og skólafélögum sbr. 2. mgr.

Bönnuð er sala þeirra sælgætisvara, sem að áliti héraðslæknis og barnaverndarnefndar, geta talizt hættulegar börnum og unglingum.

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannað að skemmta á almennum samkomum, þar sem aðgangseyris er krafizt án sérstaks leyfis barnaverndarnefndar. Foreldrar viðkomandi barna og forráðamenn bera ábyrgð á, ef út af er brugðið.

Barnaverndarnefndum er heimilt að ákveða, að unglingum 12—16 ára skuli skylt að bera aldurskirteini.

Barnaverndarnefndum er skylt að vera lögreglunni til aðstoðar við að sjá um, að ákvæðum þessum sé hlýtt.

- i. Aftan við 87. gr. bætist: „Egilsstaðakaupún, Djúpavogskauptún, Stöðvarfjarðarkauptún og Breiðdalsvíkurauptún“, orðið „og“ á undan „Búðakaupún“ falli niður.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. febrúar 1963.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

S A M Þ Y K K T

um forkaupsrétt Neskaupstaðar að fasteignum í Neskaupstað.

Neskaupstað er áskilinn forkaupsréttur að eftirtöldum fasteignum í Neskaupstað:

- Egilsbraut 5 og 7 Grænaborg, eigendur Aðalsteinn Halldórsson, Andrés Guðmundsson, Björn Björnsson og Jón Pálsson.
- 6 Nýi-Kastali, eigendur Aðalsteinn Halldórsson, Sigurbjörg Þorvarðardóttir, Sofus Gjoveraa, yngri, Sveinn Davíðsson og Sæsilfur hf.
- 14 Sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
- 16 Sjóhús, eigandi Guðrún Eiríksdóttir.
- 18 Hjallur, eigendur Pálmar Magnússon og Jóhanna og Sigrún Magnúsdætur.
- 24 Pakkhús, eigandi Björn Björnsson.
- Eyrargata 6 Pakkhús, eigandi Þórshamar hf.

- Hafnarbraut 15 Sjóhús, eigandi Guðröður Jónsson.
 — 23 Pakkhús, eigandi Jón Karlsson.
 — 25 Pakkhús, eigandi Jón Karlsson.
 — 27 sjóhús, eigandi Sveinn Magnússon.
 — 29 Skúr, eigandi Jón Karlsson.
 — 31 Pakkhús, eigandi Jóhann Eyjólfsson.
 — 33 Skúr, eigandi Jón Þórðarson.
 — 35 Sjóhús, eigandi Ársæll Júlíusson.
 — 39 Sjóhús, eigandi Hafbjörg hf.
 — 51 Sjóhús (2), eigendur Þorbergur og Þórður Sveinssynir.
 — 54 Gamla-Tröllanes, eigendur Hrafnkell hf. og Elías Kristjánsson.
- Nesgata 2 Sjóhús, eigandi Björn Ingvarsson.
 — 8 Atlahús og Kornvöruhús, eigandi Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.
 — 8A Bryggjuhús, eigandi Verzlun Sigfúsar Sveinssonar.
- Strandgata 3 Sjóhús, eigandi Ármann Magnússon.
 — 5 Gláðheimar, eigandi Ármann Magnússon.
 — 7 Skúr, eigandi Jósef Halldórsson.
 — 13 Sjóhús, eigandi Stefán Höskuldsson.
 — 15 Sjóhús, eigandi Ólafur Guðmundsson.
 — 17 Nýhöfn, eigandi Guðmundur Bjarnason.
 — 21 Sjóhús, eigandi Gísli Bergsveinsson.
 — 35 Sjóhús, eigandi Jakob Jakobsson.
- Sverristún 1 Fjánhús og hlaða, eigandi Haraldur Brynjólfsson.
 — 3 Hlaða, eigandi Guðni Einarsson.
- Diljuvellir 3 Gripahús, eigandi Guðni Einarsson.
- Þórshólsgata 5 Laufás, eigendur Einar Bjarnason og Hermann Davíðsson.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur gert samkvæmt lögum nr. 22 23. júní 1932, öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. febrúar 1963.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um róðrartíma fiskibáta við Faxaflóa.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir fyrir Miðneshrepp, Keflavík og Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppa í Gullbringusýslu, Hafnarfjörð, Reykjavík og Akranes, og nær til allra fiskibáta, sem stunda veiðar með línu á tímabilinu frá 1. janúar til 31. maí, sbr. þó 8. gr.

2. gr.

Grein þessi fjallar um róðrartíma fiskibáta úr Sandgerði, Keflavík, Njarðvíkur- og Vatnsleysustrandarhreppum í Gullbringusýslu, Hafnarfirði, Reykjavík og Akra-